

LANGISANDUR

HUGMYNDASAMKEPPNI

11235




Langisandur og umhverfi er frá náttúrunnar hendi fjársjóður fyrir íbúa Akraness og gesti. Sandströnd breiðir faðminn að suðvestlægum sólaráttum og sjávarútsýni, afmörkuð til suðausturs af tilkomumiklu náttúruumhverfi Sólmundarhöfða.

Núverandi aðstæður

Svæðið upp frá Langasandi er að stórum hluta opið, helgað íþróttum og útiveru. Í vestri er íbúðarbyggð og í austri hjúkrunarheimili og íbúðir aldraðra. Innnesvegur sem afmarkar svæðið til norðausturs, var áður ein meginaðkoma í bæinn en umferð bíla hefur minnkað talsvert. Bílastæði og svæði við akstursleiðir eru nokkuð áberandi og sóknarfæri í að nýta betur núverandi innviði.

Markmið

Kappkostað er að virkja betur grænu svæðin sem fyrir eru og efla tengingar innbyrðis og við strandsvæði, íþróttasvæði og sundlaugarsvæði og aðliggjandi íbúðarbyggð. Skapa ákjósanlegar forsendur fyrir þróun fjölbreytts svæðis fyrir margvíslega útiveru allan ársins hring - íþróttir, frístundir, leik, fræðslu og hvíld - tengt íbúðarbyggð. Með hógværrí þéttingu byggðar til austurs og vesturs, samtvinnaðri núverandi gatnakerfi, eru jaðrar að opnum svæðum styrktir og fegraðir, innviðir nýttir betur og fleirum gefinn kostur á að búa í göngu- og hjólafæri við útivistarperlu. Þétting nálægrar íbúðarbyggðar og bættar hjóla- og gönguleiðir verði til að hvetja til fjölbreytts ferðamáta og draga úr bílanotkun á dýrmætu svæði. Náttúru- og menningarminjar innan svæðisins verða varðveittar og gönguleiðir tengdar þeim.



Strandleiðin - perlufestin


Endurbætt og breikkuð strandleið tengir allt svæðið og gefur því sérstöðu. Fjölbreytt og skemmtileg leið fyrir blandaða umferð gangandi, skokkandi og hjólandi. Meðfram Langasandi verður hún eins konar „strandbúlevarð“ með aukna breidd og vandað heildaryfirbragð, akfær fyrir þjónustu- og neyðarumferð. Í tengslum við valin svæði verða steyptir, misháir steinveggir við sjávargarðinn með bekki, tröppur og tengipunkta að fjöru. Áningarstaðirnir verða margvíslegir, núverandi og nýir, með áherslu á að nýta það sem fyrir er, efla, virkja og tengja og mynda „perlufesti“ við strandleiðina.



1. Strandaðstaða undir Jaðarsbraut

Með gangstétt sunnan Jaðarsbrautar verður veggur / stoðveggur og land sunnan hans lækkað um u.þ.b. húshæð. Jaðarsbrautin fær fallegt yfirbragð strandgötu, afmörkuð með steinvegg og tröppum niður á neðra plan, þær eystri að núverandi útisturtu sem verður hluti strandaðstöðunnar. Á neðra planinu færi vel á starfsemi, tengdri strandaðstöðu, t.a.m. kajakleigu og rennu eða annarri frístundaaðstöðu. Núverandi tröppur að fjöru vestast á svæðinu verða afmarkaðar með steinvegg tengdum strandaðstöðu.

Í stað stóra snúningsplansins við enda Jaðarsbrautar er gatan tekin niður í boga á neðra plan. Þar verða útivistarbilastæði við strandleið, lögð gegndræpu yfirborði, s.s. grassteini, afskermuð frá útsýni íbúða við Jaðarsbraut.




2. Útisvið og strandtorg

Þyrlupallssvæðið verður endurmótað sem útisvið fyrir uppákomur og viðburði, umlukið skjólmyndandi setaðstöðu andspænis sólar- og útsýnisáttum. Upp af setaðstöðunni verður opið grænt svæði með stígum og lágum strandgróðri (runnagróðri o.þ.h.). Sunnan útisviðsins breiðkar strandleiðin og myndar ásamt útisviði strandtorg. Kjörin aðstaða fyrir árstíðarbundnar bæjarhátíðir, útikennslu, heimaleiki, matvagna o.fl. Sunnan strandtorgsins verður ný skábraut niður í fjöru, aðgengileg öllum.

3. Guðlaug, stúkan og knattspyrnusafn

Stúka fótboltavallar verður lagfærð. Í samræmi við áform bæjarins verður bætt aðstaða fyrir Guðlaugu með stærri búningsaðstöðu og gufubaði undir henni. Við austurenda verður tveggja hæða viðbygging við stúkuna. Þar færi vel á nýju knattspyrnusafni tengdu stúkunni og móttökuaðstöðu / veisluhúsnæði á efri hæð með stórfenglegu útsýni til sjávar og yfir fótboltavöllinn.

Núverandi tröppur niður að fjöru skammt austan Guðlaugar verða hluti áningarstaðar.





A

A

Jaðarsbraut

Höfðabraut

skábraut

útivistarbilstæði - blágrænar lausnir
einni hæð neðar en núverandi Jaðarsbraut

tröppur /
listaverk

strandbúningstjöld
og bekkir

útisturtur, tröppur
niður í fjöru

útsíði

strandtorg

útsýni til hafs og sólarlægs / setsvæði

áhorfendabrekkur / setaðastada
skólastarf / írskir dagar
heimaléikir / matanvagnar og fl.

afmörkun knattspyrnuvalla

endurbætt
áhorfendabrekkur
meiri náð við völlu



4. Útsýnisveitingastaður við Merkjaklöpp

Við suðausturhorn Akraneshallar verður mótaður grashóll sem gegnir fjölþættu hlutverki. Útsýnisveitingastaður í hólnum nýtur tilkomumikils útsýnis til sjávar og yfir Merkjaklöpp. Norðar í hólnum er geymsluhúsnæði í tengslum við opna velli og leiksvæði. Ofan á honum er áhorfendabrekka að vallarsvæði, sem nýtist sem sleðabrekka á vetrum. Aðgengi hreyfihamlaðra og þjónustuumferðar að veitingastað og Guðlaugu er um akfæran aðkomustíg. Nálægt strandleið verður útiaðstaða útsýnisveitingastaðar og handan hans nýr áningarstaður með steypum veggjum, útskoti og tröppum að fjöru.


5. Útsýnispallur við Krossvíkurvita

Á opna vallarsvæðinu verður gönguleið, umlukin strandgróðri, frá Innnesvegi suður að gamla innsiglingarvitanum. Þar verður veglegur útsýnispallur.

6. Bátarena við Langasandskrika

Við austurmörk Langasands er lítil bátarena, sem upplagt er að nota áfram, jafnt fyrir íbúa í nágrenni og aðra, bæta aðgengi og aðstöðu og styrkja umhverfið. Þar kvíslast strandleiðin, annars vegar þvert yfir Sólmundarhöfða fram hjá gömlu húsunum eftir malbikuðum stíg og hins vegar eftir núverandi malarstíg meðfram strandlínu.





SNIÐ B VIÐ ÚTSÝNISVEITINGASTAÐ

7. Gömlu húsin

Við austurenda Langasands verður meginstígurinn leiddur yfir Sólmundarhöfða, fram hjá gömlu húsunum og að Leynisfjöru. Gömlu húsin við Sólmundarhöfða verða varðveitt ásamt hleðslum og öðrum menningarminjum. Húsin verða endurbætt og færi þar vel á gestaíbúð, vinnustofu listamanna og litlum kaffistað.

8. Útsýnisstaður á Sólmundarhöfða

Grasi vaxinn Sólmundarhöfði afmarkar Langasand á tilkomumikinn hátt, umlukinn stórgrýttri bólupangsfjöru. Þar verður rík áhersla á varðveislu náttúru og fjölbreyttrar flóru. Malarstígur sem fylgir strandlínu verður með náttúrulegu yfirbragði. Syðst á höfðanum verður náttúrustígurinn leiddur um nýjan útsýnisstað með skjólmyndandi steinhleðslu. Þar verður stígatenging við malbikaðan stíg norðan gömlu húsanna.

9. Íbúðarbyggð í vesturjaðri

Nýta mætti svæði íbúðarbyggðar betur, gefa fleirum kost á að búa í göngufæri við einstaka útivistarperlu og jafnframt styrkja og fegra yfirbragð að opnum svæðum. Vel færi á einnar til tveggja hæða íbúðarklösum til viðbótar við núverandi byggð. Endurskoða mætti dýrmætt land bílskúra og bílastæða innan núverandi íbúðarlóða og nýta innviði og garða betur. Við framlengda Höfðabraut til austurs eru nýjar íbúðarbyggingar og garðar, afmarkaðir með göngustíg og gróðri til suðurs og austurs sem skapa skýran og hlýlegan jaðar að útivistar- og sundlaugarsvæði. Varpað er fram mismunandi hugmyndum að nýbyggingum og viðbyggingum með það markmið að efla heildstæða íbúðarbyggð, vel tengda sameiginlegum garðsvæðum, stígum og umhverfi.



LANDMÓTUN OG NÁTTÚRUVERND

10. Íþróttta- og sundlaugarsvæði


Fótboltavöllur verður endurbættur með skýrari afmörkun.

Áhorfendabrekka norðan hans verður endurgerð með betri aðstöðu fyrir áhorfendur og meiri nánd við völinn, framlengd vestur fyrir hann. Aðalaðkoma vallar verður um nýja tengibyggingu samkvæmt fyrirætlunum bæjarins, en einnig verða aðgangshlið sunnan sundlaugarsvæðis, í suðvesturhorni vallar og við knattspyrnusafn í suðausturhorni vallar.

Sundlaugarsvæðið verður stækkað til suðurs og vesturs með fjölbreyttri aðstöðu fyrir alla aldurshópa.

Bílastæði íþróttasvæðis verður lagað og stækkað, meiri áhersla verður á gróðuryfirbragð og yfirborð verður gegndræpt.





11. Opið vallsarsvæði – almenningur

Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem æfingasvæði og árlegt keppnissvæði Norðurálsmóts. Það verði sniðið að fjölpættari notkun milli íþróttamóta sem almenningssvæði – jafnt fyrir íþróttaiðkendur sem aðra, allan ársins hring. Í suðvesturhorni verði upphitaður gervigrasvöllur. Stærri völlum má skipta upp í allt að 10 velli (7. flokkur).

Austast á núverandi vallsarsvæði er varpað fram hugmynd að lágum íbúðarklösum með grænu yfirbragði og gætu vellirnir næst þeim nýst að hluta fyrir minigolf, boccia o.p.h. fyrir íbúa og aðra. Við gönguleið að vitanum verður gróðurbelti með strandgróðri, s.s. víði og runnum, smára og grasi, sem slegið er sjaldan. Lágur runnagróður hefur jákvæð áhrif á grasvellina.

AUSTURSVÆÐI

12. Innnesvegur og umhverfi

Áhersla er lögð á umferðaröryggi, enda liggur Innnesvegur að grunnskóla, íþróttasvæði og íbúðarbyggð. Breitt veghelgunarsvæði frá fyrri tíð nýtist til að hlykkja hann á völdum stöðum, hægja á umferð og fegra og bæta göturými með gróðri. Með tilfærslu til norðurs að hluta skapast aðstæður og svæði með möguleika á viðbótarbyggð, gróðri og gestabílastæðum. Hægari umferð leyfir fleiri aksturstengingar og einfaldara gatnakerfi við Höfðagrund. Afmörkuð verði skýr, örugg gönguleið milli Grundaskóla og íþróttasvæðis og dregið markvisst úr aksturshraða með hlykk og breyttu yfirborðsefni.



13. Íbúðarbyggð í austurjaðri

Sýnd er hugmynd að lágri byggð austast á núverandi vallarsvæði. Sömu sjónarmið ráða ferðinni og við vesturjaðar - að gefa fleirum kost að búa í göngufæri við Langasand og umhverfi og nýta innviði sem best. Aðkomuleið að hjúkrunarheimilinu Höfða fær beina tengingu frá Innnesvegi og hún nýtt sem aðkomugata og bílastæði fyrir nýja byggð, samhliða aðkomu að Höfða. Umhverfi nýrra íbúðarklasa einkennist af sameiginlegum gróður- og útisvæðum, sem fléttast við vallarsvæðið. Aðgengi þjónustu- og neyðarumferðar verður um akfæra stíga. Einnar hæðar byggð tekur tillit til sjávarútsýnis íbúðarbyggðar norðan Innnesvegjar. Möguleiki verður á nokkrum íbúðum aldraðra til viðbótar við núverandi byggð Höfðagrundar.

Umhverfislýsing

Raflýsing á svæðinu verði samræmd og skipt út í áföngum fyrir vistvæna lýsingu sem tekur mið af aðstæðum og þörf. Með samræmdri lýsingu má stýra lýsingu eftir aðstæðum svo mögulegt verði að njóta ljósaskipta og stjörnuhimins. Á ákveðnum svæðum t.d. við Sólmundarhöfða mætti nýta snjalllausnir með hreyfiskynjurum svo forðast megi óþarfa ljósmengun.

Lokaorð

Samkeppnissvæðið er margslungið, opið og stórt svæði sem nýtist bæjarbúum og gestum á ýmsan hátt í leik og starfi. Með tillögunni er sérstaða svæðisins styrkt og það gert enn fjölbreyttara, sköpuð verða margbreytileg skjólsæl svæði til útiveru og íbúðar. Skemmtilegt, heilsueflandi og fræðandi svæði sem verður eftirsóknarvert fyrir alla, unga sem aldna.

9. Íbúðarbyggð í vesturjaðri

Nýta mætti svæði íbúðarbyggðar betur, gefa fleirum kost á að búa í göngufæri við einstaka útivistarperlu og jafnframt styrkja og fegra yfirbragð að opnum svæðum. Vel færi á einnar til tveggja hæða íbúðarklósum til viðbótar við núverandi byggð. Endurskoða mætti dýrmætt land bilskúra og bílastæða innan núverandi íbúðarlóða og nýta innvið og garða betur. Við framlegnda Höfðabraut til austurs eru nýjar íbúðarbyggingar og garðar, afmarkaðir með göngustíg og gróðri til suðurs og austurs sem skapa skýran og hlýgan jaðar að útivistar- og sundlaugarsvæði. Varpað er fram mismunandi hugmyndum að nýbyggingum og viðbyggingum með það markmið að efla heildstæða íbúðarbyggð, vel tengda sameiginlegum garðsvæðum, stígum og umhverfi.

10. Íþrótt- og sundlaugarsvæði

Fótboltavöllur verður endurbættur með skýrari afmörkun. Áhorfendabrekkja norðan hans verður endurgerð með betri aðstöðu fyrir áhorfendur og meiri nánd við völinn, framlengd vestur fyrir hann. Aðaláðkoma vallar verður um nýja tengivyngingu samkvæmt fyrirætlunum bæjarins, en einnig verða aðgangshlið sunnan sundlaugarsvæðis, í suðvesturhorni vallar og við knattspyrnusafn í suðausturhorni vallar. Sundlaugarsvæðið verður stækkað til suðurs og vesturs með fjölbreyttri aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Bílastæði íþróttasvæðis verður lagað og stækkað, meiri áhersla verður á gróðurfyrirbragð og yfirborð verður gegndræpt.

12. Innnesvegur og umhverfi

Áhersla er lögð á umferðaröryggi, enda liggur Innnesvegur að grunnskóla, íþróttasvæði og íbúðarbyggð. Breitt veghelgunarsvæði frá fyrri tíð nýst til að hlykkja hann á völdum stóðum, hægja á umferð og fegra og bætta göturmi með gróðri. Með tilfærslu til norðurs að hluta skapast aðstæður og svæði með möguleika á viðbótarbyggð, gróðri og gestabílastæðum. Hægarí umferð leyfir fleiri ákturstengingar og einfaldara gatnakerfi við Höfðagrund. Afmörkuð verði skýr, örugg gönguleið milli Grundaskóla og íþróttasvæðis og dregið markvisst úr ákturshæða með hlykk og breyttu yfirborðsefni.

11. Opíó vallarsvæði – almenningur

Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem æfingasvæði og árlegt keppnissvæði Norðurlásmóts. Það verði snúið að fjölpattari notkun milli íþróttamóta sem almenningssvæði – jafnt fyrir íþróttakendur sem aðra, allan ársins hring. Í suðvesturhorni verði upphitaður gervigrasvöllur. Stærri völlum má skipta upp í allt að 10 velli (7. flokkur). Austast á núverandi vallarsvæði er varpað fram hugmynd að lágun íbúðarklósum með grænu yfirbragð og gætu vellirnir næst þeim nýst að hluta fyrir minigolf, boccia o.þ.h. fyrir íbúa og aðra. Við gönguleið að vitanum verður gróðurbelti með strandgróðri, s.s. víð og runnum, smákra og grasi, sem slegið er sjaldan. Lágur runnagróður hefur jákvæð áhrif á grasvellina.

13. Íbúðarbyggð í austurjaðri

Sýnd er hugmynd að lágni byggð austast á núverandi vallarsvæði. Sömu sjónarmið ráða ferðinni og við vesturjaðar - að gefa fleirum kost að búa í göngufæri við Langasand og umhverfi og nýta innvið sem best. Aðkomuleið að hjúkrunarheimlinu Höfða fær beina tengingu frá Innnesvegi og hún nýtt sem aðkomugata og bílastæði fyrir nýja byggð, samhlíða aðkomu að Höfða. Umhverfi nýrra íbúðarklassa einkenast af sameiginlegum gróður- og útisvæðum, sem fléttast við vallarsvæðið. Aðgengi þjónustu- og neyðarumferðar verður um akfæra stíga. Einnar hæðar byggð lekur lítil til sjávarútsýnis íbúðarbyggðar norðan Innnesvegur. Möguleiki verður á nokkrum íbúðum aldraðra til viðbótar við núverandi byggð Höfðagrundar.

7. Gömlu húsin

Við austurenda Langasands verður meginstigurinn leiddur yfir Sólmundarhöfða, fram hjá gömlu húsunum og að Leynisfjöru. Gömlu húsin við Sólmundarhöfða verða varðveitt ásam hleðslum og öðrum menningarminum. Húsin verða endurbætt og færi þar vel á gestabúð, vinnustofu listamanna og lítum kaflastað.

1. Strandaðstaða undir Jaðarsbraut

Með gangstétt sunnan Jaðarsbrautar verður veggur / stoðveggur og land sunnan hans lækkað um u.þ.b. húshæð. Jaðarsbrautin fær falið yfirbragð strandgötu, afmörkuð með steinvegg og tröppum niður á neðra plan, þær eystri að núverandi útisturu sem verður hluti strandaðstöðunnar. Á neðra planinu færi vel á starfsemi, tengdri strandaðstöðu, t.a.m. kajakleigu og rennu eða annarri frístrandaaðstöðu. Núverandi tröppur að fjöru vestast á svæðinu verða afmarkaðar með steinvegg tengdum strandaðstöðu. Í stað stóra snúningsplansins við enda Jaðarsbrautar er gatan tekin niður í boga á neðra plan. Þar verða útivistarbílastæði við strandleið, lögð gegndræpu yfirborði, s.s. grasseini, afskermuð frá útsýni íbúða við Jaðarsbraut.

2. Útsívið og strandtorg

Þyrkullíssvæðið verður endurmótað sem útsívið fyrir uppákomur og viðbúð, umklúðið skjólmyndandi setaðstöðu andspánis sólar- og útsýnisáttum. Upp af setaðstöðunni verður opíó grænt svæði með stígum og lágun strandgróðri (runnagróðri o.þ.h.). Sunnan útsíviðsins breiðkvar strandleiðin og myndar ásamt útsívið strandtorg. Kjörin aðstaða fyrir árstíðarbundnar bæjarhátíðir, útkennslu, heimaleiki, matvagna o.fl. Sunnan strandtorgsins verður ný skábraut niður í fjöru, aðgengileg öllum.

3. Guðlaug, stúkan og knattspyrnusafn

Stúka fótboltaavallar verður lagfærð. Í samræmi við áform bæjarins verður bætt aðstaða fyrir Guðlaugu með stærri búningastöðu og gufubaði undir henni. Við austurenda verður tveggja hæða viðbygging við stúkuna. Þar færi vel á nýju knattspyrnusafni tengdu stúkuni og móttökuaðstöðu / veisluhúsnæði á efri hæð með stórfenglegu útsýni til sjávar og yfir fótboltavöllinn. Núverandi tröppur niður að fjöru skammt austan Guðlaugar verða hluti áningarstaðar.

4. Útsýnisveitingastaður við Merkjaklökk

Við suðausturhorn Akraneshallar verður mótaður grashóll sem gegnir fjölbreyttu hlutverki. Útsýnisveitingastaður í hólnum nýtur tilkominikils útsýnis til sjávar og yfir Merkjaklökk. Norðar í hólnum er geymsluhúsnæði í tengslum við opna velli og leiksvæði. Ofan á honum er áhorfendabrekkja að vallarsvæði, sem nýtist sem sleðabrekkja á vetrum. Aðgengi hreyfihamlaðra og þjónustuumferðar að veitingastað og Guðlaugu er um akfæran aðkomustíg. Nálagð strandleið verður útiðstaða útsýnisveitingastaðar og handan hans nýr áningarstaður með steyptum veggjum, útskoti og tröppum að fjöru.

5. Útsýnisvallur við Krossivirkuta

Á opna vallarsvæðinu verður gönguleið, umklinn strandgróðri, frá Innnesvegi suður að gamla innsiglingarvitanum. Þar verður veglegur útsýnisvallur.

6. Bátarenni við Langasandskrika

Við austurmörk Langasands er lítil bátarenni, sem upplagt er að nota áfram, jafnt fyrir íbúa í nágrenni og aðra, bæta aðgengi og aðstöðu og styrkja umhverfið. Þar kvíslast strandleiðin, annars vegar þvert yfir Sólmundarhöfða fram hjá gömlu húsunum eftir malbikuðum stíg og hins vegar eftir núverandi malarstíg meðfram strandlinu.

8. Útsýnisstaður á Sólmundarhöfða


Grasi vaxinn Sólmundarhöfði afmarkar Langasand á tilkominikinn hátt, umklinn stórgryttri bólupangefjöru. Þar verður rík áhersla á varðveislu náttúru og fjölbreyttrar flöru. Malarstigur sem fylgir strandlinu verður með náttúrulegu yfirbragð. Syðst á höfðanum verður náttúrustigurinn leiddur um nýjan útsýnisstað með skjólmyndandi steinhleðslu. Þar verður stítagangur við malbikaðan stíg norðan gömlu húsananna.



SKÍPULAGSUPPDRÁTTUR, 1:500

VESTURSVÆÐI, 1:500

11235



SKÍPULAGSUPPDRÁTTUR, 1:500

VESTURSVÆÐI, 1:500

11235



PERLUFESTIN - STRANDLEIÐ


UMFERÐ

BETRI LANNGYTING

LANDMÖTUN OG NÁTTÚRULYFERN

MÖISVÆÐI, 1:500

11235



PERLUFESTIN - STRANDLEIÐ


UMFERÐ

BETRI LANNGYTING

LANDMÖTUN OG NÁTTÚRULYFERN

MÖISVÆÐI, 1:500


11235



SKÍPULAGSUPPDRÁTTUR, 1:500

VESTURSVÆÐI, 1:500

11235



PERLUFESTIN - STRANDLEIÐ

UMFERÐ

BETRI LANNGYTING

LANDMÖTUN OG NÁTTÚRULYFERN

MÖISVÆÐI, 1:500

11235

